

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1536
komudagur 25.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 1037– 681. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á gildandi skaðabótalögum að einungis eingreiðslur úr almannatryggingum verði dregnar frá skaðabótakröfu tjónþola vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda. Samkvæmt núgildandi lögum geta þeir tjónþolar sem eru verst settir hugsanlega átt rétt á ýmsum viðbótargreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins allt eftir aðstæðum. Í samræmi við núgildandi lög eru þessar væntanlegu greiðslur dregnar frá skaðabótakröfu án tillits til þess hvort aðstæður tjónþola gætu breyst skyndilega eður ei. Bitnar þessi frádráttur harkalega á alvarlega slösuðu fólki sem er metið er með meira en 50% varanlega örorku og ekkjum eða ekkjum. Hefur það ekki aðeins leitt til ójafnvægis milli tjónsins og skaðabótakröfu alvarlega slasaðs fólks heldur einnig innbyrðis milli tjónþola. Hníga því öll sanngirniskök að því að gildandi lögum verði breytt.

Það er að mati laganefndar LMFÍ mikil réttarbót að ofangreindur galli á skaðabótalögum sé lagfærður og gerir nefndin ekki sérstakar athugasemdir við efni ofangreinds frumvarps.

Virðingarfyllt,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.